# Ráðningarsamningur.

*Kaup og kjör bæjarstjóra: Haraldar Líndal Haraldssonar*

1. Ráðningarsamningur þessi gildir frá 28. ágúst 2014 og til loka kjörtímabilsins.

2. Föst laun fyrir dagvinnu skulu vera kr. 935.988. Dagvinnulaun á samningstímanum skulu taka breytingum í samræmi við almennq launaþróun starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar sem ekki taka laun skv. kjarasamningi.

3. Föst yfirvinna er 50 tímar á mánuði. Ekki er greitt orlof af fastri yfirvinnu.

4. Greiðsla fyrir afnot af eigin bifreið miðast við fasta kílómetratölu á mánuði, nú 500 km.

5. Greitt er fyrir kostnað af síma, nettengingu  og iðgjöldum af veikinda- og líftryggingu.

6. Greiðslur fyrir setu á fundum í ráðum, stjórnum og nefndum eru innifaldar í heildarlaunum skv. liðum 2 og 3 hér að ofan.

7. Biðlaun skv. lið 2 og 3 greiðast í 6 mánuði frá því að starfi lýkur, hefji Haraldur ekki annað launað starf á biðlaunatímabilinu, nema um annað sé samið.

8. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á gildistíma samningsins er 6 mánuðir.

9. Önnur kjaraatriði s.s. varðandi veikindarétt, slysatryggingu, orlof, lífeyrisiðgjöld o.fl. skulu vera með sama hætti og gilda um fastráðna starfsmenn Hafnarfjarðarbækjar sem taka laun skv. kjarasamningi STH.

Samþykkt á fundi í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar þann xx.xx.2014.